

Nr. 133 / 12 Kári AK 33**Strandar í Hvalfirði**

Skipaskr.nr. 1761
Smíðaður: Garðabæ 1987 stál
Stærð: 11,9 brl. 19,7 bt.
Mesta lengd: 12,09 m Skráð lengd: 12,63 m
Breidd: 3,99 m Dýpt: 1,7 m
Vél: Ford Mermaid 165 kW 1987
Fjöldi skipverja: 2

**Gögn:**

Gögn RNS

Kári ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. maí 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 13. desember 2012 var Kári AK 33 á siglingu í Hvalfirði. Veður: A 5-7 m/s

Um daginn höfðu skipverjar verið á skelfisk- og ígulkeraveiðum með plógi suður undan Þyrilsnesi og þegar veiðum var hætt kl. 17:00 var stefna sett á legupláss á Hvammsvík. Rafmagn fór af siglingartækjum í stýrishúsinu og var siglt eftir áttavita og landsýn en þegar komið var vestur undir Hvammshöfða þvarr birtan svo skipstjóri sá ekki til kennileita og setti þá stefnu sunnar upp á víkina. Skömmu seinna á siglingunni strandaði báturinn á skeri suður af Hvammshöfða. Ekki tókst að draga hann á flot þar sem fallið hafði undan bátnum þegar aðstoð barst svo bíða varð morgunflóðs. Morgunflóðið var nokkuð stærra og þegar Kári AK flaut var bakkað af strandstaðnum og siglt til Reykjavíkur í fylgd björgunarskipa.



Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra hafði rafstraumur farið af öllum siglingatækjum en siglingaljós voru í lagi og þrátt fyrir bilanaleit fannst ekki út hvað olli straumrofinu. Hann sagðist hafa siglt eftir kompás og fyrst hafi sést þokkalega til kennileita en þegar komið var upp undir Hvammsvík „skall á“ kolsvarta myrkur svo hann sá engin kennileiti;
- að sögn skipstjóra voru lagðar út kræklingalínur inn á Hvammsvíkinni, við suðurströndina, og taldi hann ekki ráðlegt að sigla inn á það svæði til að fá þær ekki í skrúfunu og hafði því stefnu norðanlega inn á víkina;
- að eftir að komið var til Reykjavíkur og farið að athuga með rafmagnsbilunina kom í ljós að hnífrofi, sem straumur á að fara um, var bilaður svo straumrof varð á spennu til siglingatækja;
- að siglingatæki voru ratsjá, dýptarmælir, kortaplotter og seguláttaviti. sökum straumleysis voru öll þessi tæki óvirk nema seguláttarvitinn;
- að flóð var kl. 18:22 við Grundartanga en strandið varð kl. 17:59 og því rúmum tuttugu mínútum fyrir flóð. Það var því farið að falla verulega út þegar Björgunarskipið Ásgrímur S. Björnsson kom til að draga Kára AK af strandstað;
- að morgunflóð var kl. 06:47 og gat skipstjóri þá bakkað bátnum hindrunarlaust af skerinu og siglt til Reykjavíkur.

Nefndarálit:

Orsök strandsins má rekja til mistaka og bilunnar í rafkerfi siglingatækja.